

# Steinunn Þórarinsdóttir

## MAÐUR UM MANN

Ásmundarsafn
The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum
**Mars – maí 2000**

## Steinunn Þórarinsdóttir



**Þríleikur/*Trilogy*, 1999**
Ál/Aluminium 100 x 30 x 40 cm

Íslensk myndlist á 20. öld hefur almennt fremur vísað til landsins og ytri aðstæðna en til mannsins sjálfs, sem hrærist í þessum umhverfi. Brautryðjendur íslenskrar höggmyndalistar höfðu þó lengst af manninn sjálfan sem þungamiðju sinna verka, og greining hins mannlega ástands hefur verið meginþráðurinn í verkum margra okkar helstu listamanna í þessum miðli.

Listsköpun Steinunnar Þórarinsdóttur hefur verið einn tignarlegasti vitnisburðurinn um þessa áherslu í höggmyndalist síðustu tveggja áratuga. Þögn mannsins og eitthvað sem virðist umkomuleysi hafa verið áberandi þættir þeirrar mannsmyndar, sem Steinunn sýnir listunnendum í verkum sínum. Þetta kann að villa okkur sýn, en það ætti aðeins að vera um stundarsakir.

Við nánari skoðun kemur nefnilega í ljós að þær manneskjur sem hún hefur gert að sínum eru fulltrúar þolgæðis fremur en örvæntingar. Þetta er fólk sem lifir í sátt við umhverfi sitt og nýtur þar skjóls fremur en að vera í stöðugri baráttu við að móta það að ímynduðum hagsmunum sínum; þetta eru einstaklingar fremur en hópsálir.

Atriði eins og rólyndur svipur, líkamsstaða og lokuð augu ber að þessum brunni, og ráða hvað mestu um þá þögn, sem streymir frá verkum listakonunnar, hvort sem um er að ræða ímyndir í fullri líkamsstærð, eða aðeins hendur eða fætur. Hin persónulega nánd er afar mikilvæg í verkum Steinunnar. Sýningargesturinn tengist með sterkum böndum þeirri einsemd, sem þrátt fyrir allt birtist í verkunum – en þessi lífssýn, einsemd og þögn hefur á heimsvísu verið álitin eitt af sérkennum norrænnar myndlistar.



**Staður/*Place*, 1999**
Steinsteypa og gler/Concrete and glass, 60 x 210 x 180 cm

Þær tilfinningar sem verk Steinunnar vekja eru jafnsterkar hvort sem miðillinn er leir, gler, steinsteypa, ál eða járn, svo nefnd séu nokkur af þeim fjölbreyttu efnum sem hún hefur unnið í. Efnin eru að vísu föst fyrir, en bera með sér ákveðna en furðulega mýkt – ryðgað járnið, grá steinsteypan – eða þá óvænta viðkvæmni, þannig að verk úr áli virðast getað brotnað við minnstu snertingu.

En hvernig birtist þetta fólk við hlið verka Ásmundar Sveinssonar? Því er til að svara að Ásmundur skapaði höggmyndir helgaðar baráttumönnum eins og Agli Skallagrímssyni, Davíð þeim er lagði Golíat, og Sæmundi hinum fróða, þar sem þessir aðilar birtast í hetjuhlutverkum sínum, sem sigurvegarar gegn andstreymi og áföllum.

En hann skapaði einnig aðrar hetjur, sem tókust á við ekki síðri erfiðleika, þó að hljóðara væri um þær. Þetta voru hetjur hversdagsins – vatnsberar, járnsmiðir, þvottakonur, jarðyrkjumenn, bændafólk, – óþekktir og gleymdir einstaklingar, sem tókst af æðruleysi á við það andstreymi sem lífið færði þeim í fang og höfðu sigur af þeirri hæversku og þolinmæði sem hefur alla tíð einkennt sannar hetjur.

Hér er komið sameiginlegu yrkisefni þeirra Ásmundar Sveinssonar og Steinunnar Þórarinsdóttur, sem fyrst leit verk hans forviða augum ungrar stúlku í ævintýraleit.

Eiríkur Þorláksson



**Horfur/*Prospect*, 2000**
Pottjárn/*Cast iron*, 180 x 90 x 90 cm



**Horfur/*Prospect*, 2000**
Ál og ryðfrítt stál/*Aluminium and stainless steel*, 180 x 90 x 90 cm



**Skipan/*Order*, 1999**
Pottjárn og cortenstál/*Cast iron and cortensteel*, 180 x 60 x 100 cm

*Icelandic art in the 20th century has generally speaking referred more strongly to the land itself and to exterior conditions, rather than to the individual who has lived and died in this environment. The pioneers of Icelandic sculpture, however, focused for a long time on man himself as the center of their work, and the analysis of the human condition has been the central point in the works of many of our most distinguished artists in this field.*

*The art of Steinunn Thórarinsdóttir has been among the most graceful evidence of this emphasis in sculpture during the last two decades. The silence of her subjects and what seems to be a certain helplessness have been distinct characteristics of the vision of man, that Steinunn puts forward in her works. This may distract us, but that feeling should only last for a few moments.*

*Upon closer examination it becomes evident that the people that she has chosen as her subjects are representatives of patience and fortitude rather than dispair. These are people that live in harmony with their environment and are protected by it rather than facing a continuous struggle to form it to their own illusory interests; these are individuals rather than simple parts of the masses.*

*Such attributes as a quiet look, a pose and closed eyes all point in this direction, and are determining factors in the silence, that the artist's works exude, whether they are images in full size, or only show hands or feet. A personal closeness is very important in Steinunn's works. The guest forms strongs ties to the solitude, that the works nevertheless show – but this vision of life, solitude and silence has been seen by the world in general as one of the characteristics of Nordic art.*

*The feelings evoked by Steinunn's works are just as strong, whether the medium is clay, glass, concrete, aluminum or iron, to name a few of the wide range of materials that she has worked in. These materials are admittedly firm, but carry with them a certain and strange softness – rusted iron, gray concrete – or a surprising tenderness, such that works made of aluminum seem to be in danger of breaking at the slightest touch.*

*But how do these people appear side by side with the works of Ásmundur Sveinsson? The answer is simply to point out that Ásmundur made sculptures dedicated to such fighters as Egill Skallagrímsson, David who slew Goliath, and Sæmundur the Wise, where these figures appear in their roles as heroes, as conquerers against adversity and calamities.*

*But he also created other heroes, people that faced challenges no less daunting, although these passed more quietly. These were the heroes of everyday life – water carriers, blacksmiths, washerwomen, gardeners, peasants – unknown and forgotten individuals, who took on the challenges life brought before them and, undaunted, triumphed through the calmness and patience that have always been the hallmarks of true heroes.*

*Here is the common theme of the art of Ásmundur Sveinsson and Steinunn Thórarinsdóttir, who first saw his sculptures through the inquisitive eyes of a young girl looking for adventures.*

*Eiríkur Thorláksson*



**Leysing/*Loosening*, 1999**
Ál/*Aluminium*, 80 x 60 x 50 cm

Þegar ég var lítil stelpa í Vogunum í Reykjavík fór ég oft í rannsóknarleiðangra inn í Laugardal. Á þeim tíma var dalurinn óbyggður að mestu, aðeins tún, engi og skurðir. Villtur staður og spennandi. Þarna var ókunnugt og ónumið ævintýraland, sem gaman var að kanna.

Ég man hversu „kúluhúsið" var dulúðugt og skrítið fyrirbæri. Engu öðru líkt. Ekki síður voru furðuverkin í kringum húsið merkileg og full galdurs. Þetta voru verk Ásmundar Sveinssonar, hús hans og heimili. Í ungu hugskoti mínu kviknaði lítið ljós; ég uppgötvaði að skúlptúrar voru til og þeir gátu verið til þarna, á þessum stað, á eigin forsendum.

Við Ásmundur eigum sameiginlegt uppáhaldsverkefni í listinni; það er maðurinn.

Ásmundur sagði einhvern tímann að maðurinn hefði ekki einn svip heldur marga. Ekki eitt andlit, heldur mörg. Að maðurinn ætti alltaf að sigrast á hinu ómögulega – en það hefur oftar en ekki verið viðfangsefni „minna manna". Að andlegur vöxtur mannsins væri ekki án sársauka, en ef til vill væri maðurinn aldrei jafnstór og í baráttu sinni.

Við getum líka verið sammála um að það sé húmor í öllu dramanu.

Steinunn Þórarinsdóttir

*When I was a little girl in Reykjavík I often went on expeditions to the Laugardalur Valley. At that time the valley was uninhabited for the most part, just fields, meadows and ditches. A wild and exciting place. This was a strange and unconquered land, that offered adventure in exploration.*

*I remember what a mysterious and strange phenomenon the „domed house" was. Like nothing else. And those wondrous works around the house were just as impressive and full of magic. These were the works of Ásmundur Sveinsson, his house and home. In my young mind a flicker of a light came on; I discovered the existence of sculptures and that they could stand there, in that place, on their own premises.*



**Festi/*Links*, 1999**
Pottjárn/Cast iron, 70 x 70 x 20 cm

*Ásmundur and I have a common favorite subject in art: this is man.*

*Ásmundur said at one time that man does not have one look, but many.*
*Not one face but many.*
*That man should always conquer the impossible – but this has more often than not been the challenge of „my men."*
*That the spiritual growth of man did not occur without pain, and perhaps man was never as great as he was in his struggle.*

*We can also agree that there is humour in all the drama.*

*Steinunn Þórarinsdóttir*

## Steinunn Þórarinsdóttir
f. 20. apríl 1955 í Reykjavík/*b. April 20th 1955, in Reykjavík.*

Heimilisfang / *Address:*; Framnesvegi 68, 101 Reykjavík, Ísland, e-mail: thorar@mi.is

### Nám/*Education:*

| | |
|---|---|
| 1974-1975 | *Portsmouth College of Art & Design, Portsmouth,* Bretland/*U.K.* |
| 1976-1979 | *Portsmouth Polytechnic, Portsmouth,* Bretland/*U.K.* |
| 1979-1980 | *Accademia di Belle Arte di Bologna, Bologna,* Ítalíu/*Italy* |

### Helstu einkasýningar / *Selected private exhibitions:*

| | |
|---|---|
| 1979 | Gallerí Suðurgötu 7, Reykjavík |
| 1983 | Kjarvalsstaðir, Reykjavík |
| 1987 | Kjarvalsstaðir, Reykjavík |
| 1992 | Listmunahúsið, Reykjavík |
| 1996 | Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Kópavogi |
| 1998 | Barbacka Konsthallen, Kristianstad, Svíþjóð/*Sweden* |
| 1998 | Galleri Krebsen, Kaupmannahöfn, Danmörk/*Denmark* |
| 2000 | Ásmundarsafn, Reykjavík |
| 2000 | Frauen Museum, Bonn, Þýskaland/*Germany* |

### Helstu samsýningar / *Selected joint exhibitions:*

| | |
|---|---|
| 1979 | *Iceland Galleria Zona,* Flórens, Ítalíu/*Italy* |
| 1980 | *Bodies of Artists Nord-Jyllands Kunstmuseum,* Danmörku/*Denmark* |
| 1981 | *Target-Earth, The Art of Survival,* Los Angeles, Bandaríkjunum/*USA* |
| 1983 | Ungir myndlistamenn / *Young artists,* Kjarvalsstaðir, Reykjavík |
| 1984 | Fjórtán listamenn / *Fourteen Artists,* Listasafn Íslands, Reykjavík |
| 1987 | *Scandinavia Today,* Kyoto; Tokyo, Japan |
| 1988 | *Scandinavia Today,* New York; Cleveland; Alabama, Bandaríkjunum/*USA* |
| 1988 | *5 Dimensioner,* Norðurlandahúsið, Þórshöfn, Færeyjum/*Faroe Islands* |
| 1988 | *5 Dimensioner,* Röhsska Museet, Gautaborg, Svíþjóð/*Sweden* |
| 1992 | *Salon International de la Sculpture Contemporaine,* París; Noisy le Grand, Frakklandi/*France* |
| 1993 | *777 Distance Communications Network,* Reykjavík; Aarhus; Amsterdam; Portsmouth; Duisburg; Bratislava og Moskvu |
| 1993 | *Zeit Sichten,* Frauen Museum, Bonn, Þýskalandi/*Germany* |
| 1994 | Bankside Gallery, London, Bretlandi/*UK* |
| 1994 | Skúlptúr, Skúlptúr, Skúlptúr / *Sculpture, Sculpture, Sculpture,* Kjarvalsstaðir, Reykjavík |
| 1995 | *Eventa 2,* Ekeby Qvarn Konstsalong, Uppsala, Svíþjóð/*Sweden* |
| 1997 | *Biennale Contemporanea,* Siena Ítalíu/*Italy* |
| 1997 | Íslensk myndlist / *Icelandic Art,* Kjarvalsstaðir, Reykjavík |
| 1997 | Nýsköpun í myndlist / *New Concepts,* Kirkjulistahátíð, Reykjavík |
| 1997 | *Unique Glass,* Kalmar, Svíþjóð/*Sweden* |
| 1998 | Wolfryd and Selway Fine Arts, Los Angeles, Bandaríkjunum/*USA* |
| 1998 | Strandlengjan / *The Coastline,* Myndhöggvarafélagið í Reykjavík |
| 1999 | Scandinavian Center – Lutheran University, Bandaríkjunum/*USA* |
| 1999 | *Sculpture by the Sea,* Sydney, Ástralíu/*Australia* |
| 2000 | *Palm Beach Art Fair,* Palm Beach, Bandaríkin/*USA* |

### Helstu verk í opinberri eigu / *Selected Works in Public Collections:*

Listasafn Reykjavíkur / *Reykjavík Art Museum*
Listasafn Íslands / *National Gallery of Iceland*
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn / *Kópavogur Art Museum*
Listasafnið á Akureyri / *Akureyri Art Museum*
Kristianstads Kommune, Kristianstad, Svíþjóð/*Sweden*
Sandgerðisbær / *Town of Sandgerði*
Ísafjörður / *Town of Ísafjörður*
Grundarfjörður / *Town of Grundarfjörður*
Kópavogskirkja / *Kópavogur Church*
Seðlabanki Íslands / *Central Bank of Iceland*
SPRON / *Reykjavík Savings and Loans Association*
Landsbanki Íslands / *National Bank of IcelandReykjavík Ísland*

### Helstu starfslaun / *Selected Grants:*

| | |
|---|---|
| 1985 | Borgarlistamaður Reykjavíkur / *Reykjavík City Artist, 1 year grant* |
| 1999 | Launasjóður myndlistarmanna, 2 ára starfslaun / *Visual Artists' Fund, 2 year grant* |

**ÁSMUNDARSAFN**
THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM
**SIGTÚNI • 105 REYKJAVÍK**

Stjórn Ásmundarsafns / *The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum:* Guðrún Jónsdóttir formaður / *chair,* Ásdís Ásmundsdóttir, Anna Geirsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson. Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / *Director of the Reykjavík Art Museum:* Eiríkur Þorláksson. Ljósmyndun / *Photography:* Kristján Pétur Guðnason. Þýðing / *Translation:* Eiríkur Þorláksson. Umbrot / *Catalogue design:* Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir. Prentun / *Printing:* Prentsmiðjan Grafík hf.